

EFTIRLITSSKÝRSLA

Skeljungur Eskifirði



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	16.8.2016	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Skeljungur	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Borgartún 26	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5902691749	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Aðalsteinn Árnason	ÍSAT nr.	51.51.0
Fulltrúi fyrirtækis	Bjarni Freyr Guðmundsson	Staðsetning	733478,28 517684,715

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom ekki fram frávik frá kröfum í starfsleyfi en tvær athugasemdir voru gerðar við mengunarvarnabúnað stöðvarinnar.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir rekstrarhandbók í stöð Skeljungs á Eskifirði, farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um, frá því síðasta eftirlit fór fram. Ekki eru gerðar athugasemdir við skráningar í rekstrarhandbók.

Mikið sig hefur komið fram í neðri mengunarvarnarpró félagsins á Eskifirði. Steypuskil gliðna víða og sjór gengur inn í þróna á stórstraumsflóði. Þróin og geymar í henni verða því ekki notaðir undir olíu að svo stöddu. Geymarnir hafa verið tæmdir. Enn á eftir að tæma lagnir, hreinsa og aftengja áður en þær aflagast of mikið og fara að leka. Sumar lagnanna eru með sveigjanlegan barka á milli geymis og lagnar. Fjórir geymar eru því úr leik á Eskifirði og því einungis hægt að nota geyma í efri þrónni þ.e. tvo geyma. Lektarprófun var gerð á efri þrónni og verður ráðist í lagfæringar á steypuskilum til þess að þróin verði fullkomlega þétt.

Geymarnir tveir sem effir standa voru botnykktarmældir í fyrra og hefur Umhverfisstofnun samþykkt áframhaldandi notkun. Allar lagnir út úr stöðinni voru þrýstiprófaðar árin 2013 og 2014.

Bensín er ekki geymt í stöðinni.

Farið var í skoðun á olíubirgðastöðinni, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þrær), olíuskiljur og fráveitumál. Niðurstöður mælinga á olíuleifum í frárennsli stöðvarinnar verða sendar en við skoðun í stöðinni stóð þannig á flóði að ekki var hægt að gera tilskilda mælingu. Olíuskynjari í fráveitukerfi sem slær út dælum var prófaður og reyndist senda GSM skilaboð til starfsmanna.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru til staðar.

Girðingar og hlið voru í lagi.

Olía var tæmd úr olíuskiljum stöðvarinnar í ágúst sl. Stöð félagsins stendur á uppfyllingu út við sjó og talsvert sandálag á fráveitukerfi stövarinnar

ATHUGASEMDIR

1. Tæma þarf og hreinsa lagnir í neðri þró olíubirgðastöðvarinnar. Jarðvegssig og gliðnun á sér stað og geta lagnir aflagast og komið að þeim leki.
2. Mæla þarf magn olíuleifa í frárennsli stöðvarinnar á árinu.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 07.10.2016

Gottskálk Friðgeirsson